

# Upplýsingar um notkun sýklalyfja

## Notkun sýklalyfja (J01)

Nú liggja fyrir tölur um notkun sýklalyfja á 1. ársfjórðungi 2002. Af því tilefni er tilvalið að skoða þessa tölur lengra aftur í tímann, en þær eru til uppfærðar skv. nýjustu skilgreiningum ATC kerfisins frá og með 3. ársfj. 1991. Greinilega má sjá árstíðasveifluna í penicillin og tetracyklínlyfjum, sem að jafnaði nær hámarki á 1. ársfj. og lágmarki á 3. ársfj.

Heildarmagn mælt í skilgreindum dagskömmtum hefur farið hægt lækkandi frá 1989 til 2001:

Ár	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
DDD/1000ib./dag	24,5	24,3	22,9	23,0	22,4	22,5	21,9	23,0	22,1	23,0	21,6	20,4	20,0

Seinna grafið sýnir verðmæti lyfjanna í þús. kr.á hverju ári reiknað til núvirðis miðað við vísitölu neysliverðs.

